

Ár 1978, mánudaginn 3. júlí, var í málinu nr 4/1978
kveðna upp af Yfirfasteignamatshæfingunni svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :


Málavextir eru þeir, að með kærni frá 28. apríl 1978, kærði
Sæmundur Sigursteinsson álagningu fasteignaskatts á íbúð, sem
er eign kæranda og er á 1. hæð í fjölbýlishúsinu nr. 72 við
Seljabraut í Reykjavík. Kæran er á því byggð, að óheimilt
hafi verið að leggja fasteignaskatt á fasteign þessa árið 1978,
þar sem ekki sé búið að taka íbúðina í notkun.

Umrædd íbúð hafði verið tekin í fasteignamat 1. janúar 1978
samkvæmt heimild í 20. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 94/1976 um
skráningu og mat fasteigna. Samkvæmt lögum nr. 8/1972 um tekju-
stofna sveitarfélaga, sbr. 3. gr. 1. mgr., skal árlega leggja
fasteignaskatt á allar fasteignir, sem metnar eru fasteignamati,
nema um sé að ræða fasteignir, er njóta sérstakrar undanþágu frá
fasteignaskatti. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 115/1976 um breytingu
á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 8. 22. mars 1972, er ekki
heimilt á árinu 1977 að leggja fasteignaskatt á byggingar fyrr en
þær hafa verið teknar til afnota eða eru fullgerðar. Lagaákvæði
þessi ber að skýra svo, að á árinu 1978 beri að leggja fasteignaskatt
á mannvirki, sem metin hafa verið í fasteignamati, án tillits til
þess, hvort þau hafa verið tekin í notkun eða ekki.


Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, verður umrædd
kæra ekki tekin til greina.

ú r s k u r ð a r o r ð :

Ofangreind kæra er ekki tekin til greina.



Gaukur Jörundsson



Magnús Thoroddsen



Guðmundur Magnússon